

Hraun

Heimildarmenn: Gísli Hafliðason, bóndi, Hrauni og ennfremur um hluta af landinu, Guðmundur Guðmundsson bóndi á Ísólfskála. Ari Gíslason skráði.

Hraun er næsta jörð við Ísólfskála og Krísuvík. Bærinn stendur við sjó vestanvert við **Hraunsvík** (1), rétt utast við hana vestanverða. Merkjálína sú, sem Gísli gaf mér upp, var þannig: úr austanverðu **Festarfjalli** (2) úr berggang, sem þar er, og nefndur er **Festi** (3). Er það alláberandi stuðlabergsgangur, hálsfesti tröllkonu nokkurar, þaðan beint norður yfir fjallið í **Mókletta** (4), sem vegurinn liggur nú í gegnum. Þaðan beint austur í **Skarðvallaháls** (6), norður í svonefndan **Sogaselsdal** (7). Þaðan til vesturs sunnanvert við Keili um **Vatnskatla** (8) og í Kálffell (9), sem er lágt og frekar lítið áberandi fell. Úr því suður um há-**Vatnsheiði** (10) eftir sjónhendingu um vestari öxlina á **Húsafjalli** (11), vestast niður **Leynir** (12) í **Markhól** (13), sem er á **Leitinu** (14) milli bæjanna, og í **Markabás** (15), hér fyrir framan garðinn á Hrauni.

Ef tekin er önnur lýsing, þá ber henni saman að vestan og norðan og að austan, nema, að þar eru merkin frá Selsvallafjalli samhliða Krísuvík, þar til ber saman miðsuðuröxlin á Borgarfjalli og Móklettar. Verður þessi lýsing því örugglega af einhverjum hluta Skálalands líka, sbr. þinglesin merki, því ég held þau fyrri séu ekki þinglesin, þó ég sé engan veginn viss um það.

Nú er að byrja austast á merkjum móti Ísólfskála og halda með sjó til vesturs. Vestur og norður af Festarfjalli er lægð, sem nær norður fyrir Mókletta, og heitir það **Siglubergsháls** (16). Vestan hans rís upp fjallið **Fiskidalsfjall** (17). Undir hömrum í Festarfjalli er framhald af Skálasandi, nefnt Hraunssandur (18). En hér er ég óvart kominn frá sjó. Utan við Sandinn er klettur, sem heitir **Skarfaklettur** (19). Upp af Skarfakletti er hellir, sem heitir **Dunkshellir** (20). Er hann nú að mestu fullur, því sjórinn hefur rutt sandi upp í hann. Milli Festar og Dunkshellis undir hömrunum með sjó er Hraunssandur. Heldur nær bæ en hellirinn er **Hvalhóll** (21). Rétt vestan við Hvalhól er smávík, sem heitir **Hrólfsvík** (22). Upp af henni er lægðardrag, sem nefnt er **Kapellulág** (23). Þar er smágrjótrúst. Er til þjóðsaga um rúst þessa. Þá höldum við

áfram með sjó.

Næsta vík við Skarfaklett er **Hvalvík** (24), svo er Hrólfsvíkin fyrrnefnda. Síðan er **Vondafjara** (25) eða **Vindfjara** (26). Utan hennar gengur fram **Skeljabótarklöpp** (26). Er þá komið heim undir bæ, og er þar vík, sem heitir **Skeljabót** (27). Út af Skeljabót heitir **Barnaklettur** (28). Vestan við Barnaklett er **Hraunsbót** (29) og fjaran þar heitir **Hraunsvör** (30). Þá taka við, niðri á túninu, **Vatnagarðar** (31). Þar var eitt sinn býli.

Fram af túninu gengur þangivaxinn tangi fram í sjó, sem fer í kaf um flóð. Þegar Jón Jónsson, afi Gísla Hafliðasonar, var hér, var á tunganum grasflöt. Sunnan við Skarfatanga í bás, sem þar er, strandaði franskur togari. Einnig strandaði kúttur Hákon hér 1926 milli 8. og 9. maí.

Næst austan við Skarfatangann er Markabás, sem fyrr getur. Hann gengur þannig inn í bergið og fer alveg í kaf um flóð. Þar flæðir allt, sem þar kann að vera. Í túninu eru engin nöfn, en gerðið austur af túninu er nefnt **Sauðagerði** (32). Túnið sjálft er nafnalaust.

Nú byrjum við aftur austur við Núpshlíð, og má vel vera, að eitthvað af því, sem hér verður fyrst talið, sé í landi Ísólfskála. Núpshlíðin hefur fyrr verið nefnt, og rís hún upp norður af Ögmundarhrauni. Framhald af henni til norðausturs er **Núpshlíðarháls** (34), sem hér verður á merkjum móti Krísvík. Syðst í Núpshlíð liggur vegurinn til Krísvíkur gegnum lægð í hlíðina. Innan við veginn, inn með hlíðinni, er grasivaxinn hvammur með lynggróðri, og heitir hann **Lynghvammur** (35). Hann er beint á móti há-höfðanum, er síðar getur. **Krossgil** (36) er að austan í hálsinum, en það er að mestu leyti í Krísvíkurlandi. Vestur af hlíðinni tekur við hraunbreiða nokkur, sem heitir **Grákvíguhraun** (37). En norðar er það hraun nú nefnt Skolahraun. Eldra nafn á því mun vera **Þráinsskallahraun** (38). Vestan við Grákvíguhraun er **Höfðinn** (39), sem er nokkuð hár. Suður úr honum er Meltunnuklifið, er getið var hjá Ísólfskála. Vestur af Höfðanum er annar hraunstraumur, sem heitir **Leggjarbrjótshraun** (40). Í því er nafnlaus mosahóll.

Norðan við Höfðann, aðskilið af mjóu skarði, er **Sandfell** (41). Um þetta skarð liggur

gata, sem lá um sunnanvert Þráinsskallahraun (Skolahraun) austur í svonefnd **Þrengsli** (42), en það er grasræma eða lægð, sem myndast milli Núpshlíðar að austan og hraunsins að vestan. Í Þrengslum þessum eru rústir eftir **Hraunssel** (43). Þar var haft í seli endur fyrir löngu frá Hrauni. Sandfellið er stórt fell. Hér nokkru norðar slítur hraunhaft þrengslin í sundur, og heitir þar norðar **Selsvallafjall** (44), og **Selsvellir** (45) er gróið landsvæði þar, fallet um að sjá. Norðan við Selsvellina er **Hverinn eini** (46), sem var mikill hver, er oft flutti sig til, en hvarf að öllu 1910. Samt munu ýmsar hræringar vera þar enn. Hraunið þar fyrir vestan, bæði Selsvelli og Hverinn eina, er nefnt **Stórahraun** (47), og í því vestur af hvernunum er fell, sem heitir **Driffell** (48). Um Selsvellina rennur lækur, sem heitir **Selsvallalækur** (49).

Austur frá Hvernunum eina eru **Grænavatnseggjar** (50). Eru þær framhald af Selsvallafjalli. Undir hömrum í þeim eru **Kúalágar** (51). Hér inn með hálsinum heitir **Bergháls** (52). Hann er framan við Trölladyngju. Þaðan sést á Höskuldarvelli, og er bratt niður á þá. **Smákonu-**(53) eða **Spákonuvötn** (53a) eru tvö eða þrjú, innan við Grænavatn í Sogunum.

Sandfell, sem fyrr var nefnt, er áberandi fell, umkringgt hrauni að austan. Þar vestur af, utan í Fagradalsfjalli, er **Stórihrútur** (54). Þar á milli eru mishæðir nokkrar. Norðvestur frá Sandfelli er nafnlaus fell. Þar beint norður er annað fell, sem heitir **Hraunssels-Vatnsfell** (55). Þetta fell er meira áberandi frá suðri en norðri. Austan þess er hraun. Norðaustur er svo Driffellið fyrrnefnda. Austur af Hraunssels Vatnsfelli er **Kistufell** (56). Sunnan þess eru **Meradalshlíðar** (57). Sunnan þess er gróðurlítill sanddalur, sem heitir **Meradalir** (58), og er þetta nafnlaus fell, sem fyrr er getið, hluti af Meradalshlíðum.

Norður frá Kistufelli er hæð, sem heitir **Litli-Hrútur** (59). Austan undir Kistufelli er smáhryggur, sem nefndur er **Rjúpnahryggur** (60). Hér norður af er örnefnalítið. Þó er norðaustur af Litla-Hrút fjall, sem heitir **Litli-Keilir** (61). Þaðan norðaustur af er Keilir, sem er alþekkt fjall á Reykjanesskaga.

Nú skulum við aftur fara suður að Leggjabrjótshrauni, sem fyrr var getið og er austan við Höfða. En norður af Höfða er Sandfellið, sem fyrr er getið. Vestan við Leggjabrjótshraun, syðst heitir **Brattháls** (62). Norðan hans heita **Einihlíðar** (63).

Þær eru mikið grónar. Framan undir þeim eru **Lyngbrekkur** (64), en upp frá þessu að vestan er hryggur allhár, sem heitir **Langihryggur** (64a). Vestur af Langahrygg, norður frá Slögu í Ísólfskála, er sandlægð, sem heitir **Nátthagi** (65). Þetta er leirkvos og vestan hennar rís upp **Borgarfjall** (66). Vestan Borgarfjalls er slakki, sem nefndur er **Nátthagakriki** (67). Vestan undir Borgarfjalli heitir hraunspilda **Borgarhraun** (68) og nær inn að **Einbúa** (69), en það er einstakur hóll vestur af Fagradalsfjalli. Vestur að Borgarhrauni eru **Tryppalágar** (70), graslendi, sem nær niður undir Móklettana fyrirnefndu.

Litli-Leirdalur var nefndur hjá Ísólfskála. Vestan við hæðina, vestan við hann, er **Stóri-Leirdalur** (71). Austan í Brattháls eru grasigrónar kvosir, sem heita **Bratthálskrókar** (72), sá fremri og sá innri, **Einihlíðarkrókur** (73). Fast upp undir hæsta hrygg á Brattháls er dalur móti austri, sem heitir **Hrútagalur** (74), og við hann eru **Hrútagalsbörð** (75).

Norður af Drykkjarsteini er Nátthaginn fyrirnefndi, og upp af Stóra-Leirdal eru Lyngbrekkur, sem fyrr var getið. Austur af þeim eru **Þverbrekkur** (76). Hrútagalirnir eru austan undir Langahrygg fremst á Einihlíðum.

Norður frá Langahrygg og Borgarfjalli er hækkandi allmikið fjall, hið stærsta að flatarmáli á þessum slóðum. Á því og í sambandi við það er þegar komið nokkuð af nöfnum, og verður nú tekið meira af því. Sunnan undir Meradölum, sem fyrr var getið og norðan Langahryggs, er **Stórihrútur** (77). Sunnan hans er Langihryggur hæstur, og þar austur af, á norðurenda Einihlíða, er **Litlihrútur** (78). Lægð þar norðar heitir **Einihlíðarsandur** (79). Langihryggur nær að Stóra-Leirdal, en Einihlíðar ná að Litla-Leirdal. Litlihrútur er grjótmóaþúfa. Einihlíðarnar eru talsvert grónar. Eins og fyrr segir, er vinkillinn vestur af Borgarfjalli nefndur Nátthagakriki. Þar upp af í fjallinu er grasflöt, sem heitir **Selskál** (80). Sunnan undir henni á sléttunni er nokkuð stór melhóll, sem heitir Einbúi og fyrr er getið. Þar upp af er **Mátthagaskarð** (81). Á austanverðu Fagradalsfjalli er hóll, sem heitir **Stórhóll** (82), rétt vestur af Nátthagaskarði. Norður af honum er laut og svo djúpir dalir með grasflöt, nefndir **Geldingadalir** (83). Þar er þúst á flöt, og er sagt, að þar sé Ísólfur á Skála grafinn. Vildi hann vera grafinn, þar sem geldingarnir hans hefðu það bezt. Norður af þeim er hnúkur, hæsta hæðin á fjallinu, og heitir þar **Langhóll** (84). Vestasti hluti fjallsins er

nefndur **Kast** (85). Þar norður með hlíðinni, allhátt, eru grasgeirar nefndir **Fremstidalur** (86), **Miðdalur** (87) og **Innstidalur** (88). Þetta eru ekki raunverulegir dalir, heldur brekkur og kvosir.

Rétt innan við Innstadal, norður undir hrauninu, sem hér heitir **Dalahraun** (89), eru **Nauthólsflatir** (90), og austast á þeim er hóll, sem heitir **Nauthóll** (91). Sunnan flatanna er nú svæði, sem nefnt er **Aurar** (92), en hét áður **Fagridalur** (93). Innst með Fagradalsfjalli, eða beint norðan þess, er gamalt sel, sem hét **Dalssel** (94), og inn af því undir vesturhorni fellsins, sem heitir **Fagradals-Vatnsfell** (95), er **Fagradals-Hagafell** (96). Inn af því og austar eru **Vatnskatlar** (97).

Hér vestar er svo Kálffellið, sem fyrr er nefnt og hér er hornmark móti Þorkötlustöðum. Í kringum fellið heitir **Kálf-fellsheiði** (98). Hér hefur gleymzt, að hraunið suður frá Litla-Keili heitir **Hábrúnir** (99).

Nú er að halda til suðurs frá Kálffelli, vestan Fagradalsfjalls. Næst við Kálffell eru **Eldborgir** (100). Svo tekur við mikið hraunflæmi og afarfornt, sem heitir Dalahraun og fyrr var getið. Það er ekki nafna auðugt. Skammt vestur af Fagradalsfjalli eru í því tveir hólar með talsverðu millibili, og heita þeir **Innri-Sandhóll** (101) og **Sandhóll** (102), sem er hærri og sunnar. Meðfram fellinu liggur hér gamall vegur, Morðan úr Vogum, og heitir hann **Sandakravegur** (103). Lá hann um Móhálsa. Þá tekur við, við suðvesturhorn Fagradalsfjalls, svonefnt **Beinavörðurhraun** (104), sem svo nær alla leið að **Hrafnshlíð** (105). En hún er vestanvert við svonefndan **Bleikshól** (106), sem er austast í Beinavörðuhrauni. Hrafnshlíð er grýtt og gróðursnauð. Þar sem hún kemur að Fiskidalafjalli, er vik, sem heitir **Svartikrókur** (107). Framan í Fiskidalafjalli eru nefndir **Hálsgeirar** (108). Austan undir há-Hrafnshlíð er **Djúpidalur** (109), sem er suður af Bleikshól.

Vestur af Hrafnshlíð og Fiskidalsfjalli er svæði, sem nefnt er Vatnsheiði. Í henni eru þrjár hæðir, sem heita **Innsta-hæð** (111), **Miðhæð** (112) og **Fremstahæð** (113). Framan í Húsafjalli eru þrír geirar, Austastur er **Langigeiri** (114), þá **Djúpigeiri** (115), og vestastur er **Litliskotti** (116). **Stóriskotti** (117) er til, en ekki er öruggt, hvar hann er. Framundan Húsafjalli er **Efrihellir** (118). En hraunið fram af Stóraskotta, milli hraun-brúnarinnar og Húsafells, heitir **Leynir** (119). Hann nær niður að

Markhól. Þar í er **Guðbjargarhellir** (120).

Stafrófsskrá örnefna.

Aurar 92

Barnaklettur 28

Beinavörðuhraun 104

Bergháls 52

Bleikshóll 106

Borgarfjall 66

Borgarhraun 68

Brattháls 62

Bratthálskrókar 72

Dalahraun 89

Dalssel 94

Djúpidalur 109

Djúpigeiri 115

Driffell 48

Dunkshellir 20

Efrihellir 118

Einbúi 69

Einihlíðar 63

Einihlíðarkrókur 73

Einihlíðarsandur 79

Eldborgir 100

Fagradals-Helgafell 96

Fagradals-Vatnsfell 95

Fagridalur 93

Festarfjall 2

Festi 3

Fiskidalsfjall 17

Fremstahæð 113

Fremstidalur 86

Geldingadalir 83
Grákvíguhraun 37
Grænavatnseggjar 50
Guðbjargarhellir 120
Hagafell-Fagradals 96
Hábrúnir 99
Hálsgeirar 108
Hrafnshlíð 105
Hraunsbót 29
Hraunssandur 18
Hraunssel 43
Hraunssels-Vatnsfell 55
Hraunsvík 1
Hraunsvör 30
Hrólfsvík 22
Hrútagalsbörð 75
Hrútagalur 74
Hrútagur, Litli- 59, 78
Hrútagur, Stóri- 54, 77
Húsafjall 11
Hvalhóll 21, 24
Hvalvík 24
Hverinn eini 46
Höfði 39
Innstahæð 111
Innstigalur 88
Kapellulág 23
Kast 85
Kálffell 9
Kálffellsheiði 98
Keilir, Litli- 61
Kistufell 56
Krossgil 36
Kúalágar 51

Langigeiri 114
Langihóll 84
Langihryggur 64a
Leggjarbrjótshraun 40
Leirdalur, Stóri- 71
Leiti 14
Leynir 12, 119
Litli-Hrútur 59, 78
Litli-Keilir 61
Litli-Skolli 116
Lyngbrekkur 64
Lynghvammur 35
Markabás 15
Markhóll 13
Meradalahlíðar 57
Meradalir 58
Miðdalur 87
Miðhæð 112
Móklettur 4
Nauthóll 91
Nauthólsflatir 90
Nátthagakriki 67
Nátthagaskarð 81
Nátthagi 65
Núpshlíð 5, 33
Núpshlíðarháls 34
Rjúpnahryggur 60
Sandakravegur 103
Sandfell 41
Sandhóll 102
Sandhóll, Innri- 101
Sauðagerði 32
Selskál 80
Selsvallafjall 44

Selsvallaháls 6
Selsvallalækur 49
Selsvellir 45
Siglubergsháls 16
Skarfaklettur 19
Skeljabót 27
Skeljabótarklöpp 26
Skolahraun 37a sbr. Þráinsskallahraun
Skotti, Litli- 116
Skotti, Stóri- 117
Smákonuvötn 53 sbr.
Sogaselsdalur 7
Spákonuvötn 53a
Stórahraun 47
Stórhóll 82
Stóri-Hrútur 54, 77
Stóri-Skolli 117
Svartikrókur 107
Tryppalágar 70
Vatnagarðar 31
Vatnsfell-Fagradals 95
Vatnsfell-Hraunssels 55
Vatnsheiði 10
Vatnskatlar 8, 97
Vindfjara 25a
Vondafjara 25
Þráinsskallahraun 38 sbr. Skolahraun
Þrengsli 42
Þverbrekkur 76